



Dags. 24. júní 2020
VEL2018110016
RÁ/sea/kg

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Staða endurgreiðslu gistináttagjalds í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.*

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 21. nóvember 2018 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra um innheimtu gistináttagjalds hjá öðrum sveitarfélögum í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að innheimta gistináttagjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar, kr. 17.500 fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur. Gjaldið verði innheimt ársfjórðungslega og fjárhæð taki breytingu miðað við vísitölu neysluverðs.

Samþykkt var að fela sviðsstjóra að fara með málið í formlegt samráðsferli innan sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í kjölfarið var 20 sveitarfélögum á landinu sent bréf þar sem óskað var eftir samstarfi um greiðslu gistináttagjalds í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar en einstaklingar frá viðkomandi sveitarfélögum nýttu sér gistiskýlin á árinu 2019. Bréfinu fylgdu drög að samningi. Tólf sveitarfélög samþykktu að skrifa undir samninginn en átta hafa ekki samþykkt að skrifa undir samning.

Neyðarskýlin í Reykjavík eru þrjú; Konukot, Gistiskýlið Lindargötu og neyðarskýlið við Grandagarð. Heildaráætlun Reykjavíkurborgar vegna þeirra er um 418 m.kr á ári.

Greinargerð:

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þau 12 sveitarfélög sem hafa skrifað undir samning um endurgreiðslu sveitarfélaga.

Tafla 1: Sveitarfélög með samning um greiðslu gistinguáttagjalds

Sveitarfélög með samning	Kennitala	Undirritun dags:
Akureyri	410169-6229	15.5.2019
Akrahreppur	410169-3209	20.2.2019
Árborg	650598-2029	8.2.2019
Borgarbyggð	510694-2289	21.3.2019
Garðabær	570169-6109	25.1.2019
Hafnafjörður	590169-7579	16.6.2017
Hveragerði	650169-4849	15.2.2019
Kópavogsbær	700769-3759	19.2.2019
Mosfellsbær	470269-5969	1.1.2019
Norðurþing	640169-5599	11.3.2019
Reykjanesbær	470794-2169	1.1.2019
Seltjarnarnesbær	560269-2429	8.5.2019

Í töflu 2 má sjá yfirlit endurgreiðslna frá sveitarfélögum árið 2019 og fyrir tímabilið janúar – maí 2020.

Tafla 2: Fjárhæð endurgreiðslu frá sveitarfélögum 2019 og janúar til maí 2020

Sveitarfélag	2019	2020	Fjárhæð
Akureyrarbær	746.289		746.289
Borgarbyggð	17.928		17.928
Garðabær	195.826		195.826
Hafnarfjarðarkaupstaður	7.117.616	397.682	7.515.298
Hveragerðisbær	17.822	3.910.929	3.928.751
Kópavogsbær	5.384.763	1.934.511	7.319.274
Mosfellsbær	215.136	179.880	395.016
Norðurþing	124.619	161.622	286.241
Reykjanesbær	5.734.926	1.258.316	6.993.242
Seltjarnarnesbær	17.928	35.981	53.909
Sveitarfélagið Árborg	71.288	0	71.288
Samtal	19.644.141	8.077.976	27.722.117

Alls hafa tæplega 28 mkr. verið innheimtar á árinu 2019 og 2020. Ekki hafa innheimst rúmlega 1,7 mkr. það sem af er ársins 2020, vegna gistinga einstaklinga frá fimm sveitarfélögum sem hafa ekki undirritað samninga.

Árið 2019 voru tapðar tekjur tæplega 4 mkr.

Sú upphæð sem búið er að senda kröfu fyrir á árinu 2020 er um 5% af heildarkostnaði við rekstur neyðarskýla fyrir tímabilið janúar til maí 2020.